



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Safnfræðsla Borgarsögusafns

skólaárið
2019–2020





1 safn

5 staðir

4 skólastig

Borgarsögusafn Reykjavíkur er spennandi menningarminjasafn á fimm frábærum stöðum víðsvegar um borgina. Safnið er óformlegur námsvettvangur sem hægt er að nýta á margbreytilegan máta í vettvangsferðum hópa. Fræðsluteymi Borgarsögusafns býður upp á vandaða safnfræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum. Einnig er tekið á móti hópum í frístundastarfi og ýmiskonar sérhópum á öllum aldri. Unnið er eftir fræðslustefnu þar sem þátttaka, sköpun og aðgengi fyrir alla eru höfð að leiðarljósi. Starfið er í sífelltri þróun og við viljum beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í virku samtali við safngesti og samfélag.

Borgarsögusafn Reykjavíkur er á eftirtöldum stöðum:

Árbæjarsafn Kistuhyl 4

Landnámssýningin Aðalstræti 16

Ljósmyndasafn Reykjavíkur Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 6. hæð

Sjóminjasafnið í Reykjavík Grandagarði 8

Viðey (siglt frá Skarfabakka á virkum dögum frá 15. maí til 30. sept.)

Tekið er á móti hópum alla virka daga frá 9:00 – 16:00 eða eftir samkomulagi. Bókið heimsóknir á okkar fimm frábæru staði með góðum fyrirvara í gegnum netfangið: safnfraedsla@reykjavik.is eða með því að fara inn á bókunarvefinn www.upspretta.reykjavik.is

Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum og öllum aldri í skipulögðu frístundastarfi. Geymið bæklinginn og hengið upp á vegg.



Árbæjarsafn – sveitasæla í miðri borg

Það er opið í Árbæjarsafni allt árið um kring. Við mælum sérstaklega með tveimur nýlegum sýningum: *HEIMAt* – tveir heimar og *Hjúkrun í 100 ár*.

LEIKSKÓLAR

Komdu að leika!

4–6 ára

Hvað eiga leggur, skel og Babyborn-dúkka sameiginlegt? Kynning á sögu leikfanga á tuttugustu öldinni og frjáls leiktími á stöðvum sem sýna hýbýli og leikföng frá mismunandi tímum. Vinsamlegast athugið að bóka þarf sérstakt rými ef borða á nesti í heimsókninni. **Athugið að í júní, júlí og ágúst er einungis hægt að bóka þessa dagskrá kl. 10–11.**

LEIKSKÓLAR

Senn koma jólin

(frá 25. nóv. til 18. des.) – RÚTUTILBOÐ!

Elsti árgangur

Hvernig voru jólin hjá krökkum í gamla daga? Íslensku jólasveinarnir og jólahald fyrir á árum er í brennidepli í desemberheimsókn. Undirbúningur fyrir jólin verður í fullum gangi! Tökum á móti bókunum frá og með 1. október.

GRUNSKÓLAR

Neysluhættir – RÚTUTILBOÐ!

7.–10. bekkur

Sýningin *NeyZlan* varpar ljósi á örar breytingar á neysluháttum á 20. öld. Markmið heimsóknarinnar er að beina sjónum að eigin neyslu, sóun og áhrifum mannsins á umhverfið. Nemendur vinna hópverkefni sem eflir skapandi og gagnrýna hugsun í afslöppuðu umhverfi.

frístundastarf

Leikjafjör

Við bjóðum upp á fræðandi leiki fyrir hópa sem vilja njóta útiveru í einstöku umhverfi. Leikirnir eru þrír og henta mismunandi aldri: *Litir og form* fyrir 5–9 ára; *Fötunar hans Friðriks* fyrir 1.–7. bekk og *Lífið án farsíma* fyrir 5.–7. bekk. Einnig er hægt að aðlaga leikina svo að þeir henti ungu fólki og fullorðnum.

Aðfangadagskvöld 1959 (frá 25. nóv. til 18. des.) – RÚTUTILBOÐ! 5.–7. bekkur

Hugguleg jólaheimsókn í Kornhúsið þar sem við ræðum um jólahald og jólahefðir fyrir rúmri hálfri öld. Við skreytum jólatréð og tökum upp jólapakka eins og árið væri 1959. Tökum á mótí bókunum frá og með 1. október.

Að þreyja þorrann (frá 25. jan. til 21. feb.) 1.–2. bekkur

Notaleg stund þar sem við ræðum hvernig var að búa við vetrarkulda og myrkur fyrir tíma rafmagns og nútímaþæginda. Við skoðum hluti sem tengjast matargerð í gamla daga, sérstaklega þorramat. Tökum á mótí bókunum frá og með 1. nóv.

Kiktu í Koffortið + Komdu að leika! 1.–2. bekkur

Nemendum er boðið að skoða opna safngeymslu sem kallast Koffortið og uppgötva þar safngripi (gamla muni) og læra um þá í gegnum og læra um þá í gegnum leik. Endað á sýningunni Komdu að leika!

Hjúkrunarverk að vinna 3.–4. bekkur

Í tengslum við sýninguna *Hjúkrun í 100 ár* fá nemendur að kynnst starfi hjúkrunarfræðinga, sögu þess og þróun. Hjúkrunarþýningar eru skoðaðir og ýmis hjúkrunarverk prófuð til dæmis að taka púls og binda fatla.

Verk að vinna 3.–4. bekkur

Heimsóknin er hugsuð sem vettvangsferð í tengslum við námsefnið *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti* til að kynnst lífinu í gamla bændasamfélaginu og sjávarþorpinu Reykjavík. Nemendur fá að vinna verk inni eða úti eftir árstíma og veðri, til dæmis að kemma ull, sópa, finna eldivið eða bera vatn.

HEIMAt – tveir heimar – RÚTUTILBOÐ fyrir grunnskóla! 8.–10. bekkur og framhaldsskólar

Árið 1949 kom stór hópur þýskra kvenna til Íslands til að vinna á sveitabæjum. Á sýningunni eru ljósmyndir eftir Marzenu Skubatz þar sem saga og minningar núlifandi kvenna úr þessum hópi er í aðalhlutverki. Sýningin minnir á að alla daga er og hefur fólk verið að flytjast á milli landa í heiminum vegna óviðunandi aðstæðna. Athugið, sýningin stendur til 31. október 2019.

Sýningar og starfsemi safnsins *Eldri nemendur / fullorðinsfræðsla / sérhópar*

Ýmist er á boðstólum að nýta sér sýningar safnsins í verkefnavinnu á eigin vegum eða fá leiðsögn með safnkennara um tiltekin hús og sýningar í þeim. Í safninu er leitast við að gefa hugmynd um byggingalist og lífnaðarhætti í Reykjavík á 19. og 20. öld. Svæðið skiptist í borg, þorp og sveit. Við hvetjum kennara og leiðbeinendur til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt og ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna. Hægt er að biðja um sérniðnar heimsóknir um starfsemi safnsins og fá aðstoð frá sérfræðingum þess.

LÍKN –fjölnota fræðsluhús fyrir námskeið og nemendasýningar *Hentar öllum skólastigum*

Í fræðsluhúsinu Líkn er aðstaða fyrir ýmis námskeið og nemendasýningar í samstarfi við skóla og aðra aðila sem tengjast starfsemi safnsins. Við hvetjum kennara til að ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns um möguleika rýmisins.

Saga ljósmyndunar

Á neðri hæð hússins er sýning um sögu ljósmyndunar. Markmiðið með sýningunni er að varpa ljósi á það að ljósmyndun varð ekki til á einni nóttu heldur kom fram sem ávöxtur árhundruðalanga tilrauna á sviði vísinda og lista.

**Vissir þú ... að í gegnum
Árbæjarsafn liggur
gömul þjóðleið?**



Landnámssýningin – fyrsta fólkið á Íslandi

Vissir þú ... að fólk á landnámsöld
borðaði litið sem ekkert grænmeti
og enga ávexti? Það lifði mest á
kjöti, fiski og mjólkumat.

Á Landnámssýningunni er gott aðgengi. Þar er lyfta niður á sýningarsvæðið og allir gripir eru í augnhæð þeirra er nota hjólastóla. Þar er einnig líflegt fræðslurými fyrir hópa sem gerir þeim kleift að setja sig inn í líf og leiki landnámsmanna.

LEIKSKÓLAR

Komdu og skoðaðu landnámsdýrin Elsti árgangur

Fyrsta fólkið sem settist að á Íslandi kom með ýmislegt með sér frá sínum fyrri heimkynnum, þar á meðal húsdýr. Í heimsókninni er rætt um þessi húsdýr og hvernig hugsað var um þau. Einnig kenndir leikir er tengdust dýrunum.

GRUNSKÓLAR

Hvaðan komu Íslendingar?

7.–10. bekkur

Samkvæmt rannsóknum var Ísland upphaflega land innflytjenda. En hvaðan kom landnámsfólkið? Voru þetta allt heiðnir Norðmenn eða kom fólkið frá ólíkum menningarheimum? Í heimsókninni verður rætt um menningu, trú, þrælahlald og viðhorf á víkingaöld.



frístundastarf

Krakkaleikir í kvosinni

Fræðumst um leiki í gamla daga og prófum!
Hvernig lék fólk sér á nítjándu öld? Standast leikirnir tímans tönn? Safnkennari tekur á móti hópnum utandyra, en leiksvæðið er miðbærinn, ýmsir vellir, garðar og torg. Athugið að þessi dagskrá krefst virkrar þátttöku og er háð veðri.



GRUNNSKÓLAR

Lífið á landnámsöld

1.–3. bekkur

Hvað vitum við um líf og störf fólks á landnámsöld? Landnám Reykjavíkur og Íslands er skoðað út frá fornleifum sem hafa fundist, m.a. verkfærum, skrautumunum, matarafgöngum og heilum húsum. Þannig fáum við betri skilning á lífinu fyrir 1000 árum.

GRUNNSKÓLAR

Siglum til Íslands

4.–6. bekkur

Á landnámsöld fluttist norrænt fólk til Íslands og settist hér að. Flutningurinn yfir hafið var hvorki auðveldur né áhættulaus. Í heimsókninni verður fjallað um undirbúning og framkvæmd Íslandsfararinnar.



FRAMHALDSSKÓLAR

Sýningar og starfsemi safnsins

Eldri nemendur / fullorðinsfræðsla / sérhópar

Framhaldsskóla- og háskólanemum er ýmist boðið að nýta sér sýningar safnsins í verkefnavinnu á eigin vegum eða þiggja leiðsögn safnkennara. Þungamiðja Landnámssýningarinnar er skálarúst frá 10. öld sem var grafinn upp í kringum síðustu aldamót. Efni sýningarinnar byggir á fornleifarannsókn.

HÁSKÓLAR

Við hvetjum kennara og leiðbeinendur til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt en mikilvægt er að ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna.

Vissir þú ... að Aðalstræti 10, elsta hús miðborgarinnar, er hluti af Borgarsögusafni og nágrenni Landnámssýningarinnar?

Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum sem bóka heimsóknir í gegnum safnfraedsla@reykjavik.is



Ljósmyndasafn Reykjavíkur –myndlæsi í fókus

Vissir þú ... að á Ljósmyndasafninu
eru um 6 milljónir mynda og
margar þeirra eru aðgengilegar
á myndavef safnsins?

Margbreytilegar sýningar safnsins fela í sér ótal tækifæri til fræðslu, sérstaklega í ljósi þess hve myndlestur er mikilvægur í sífellt sjónrænni heimi. Ljósmyndasafn Reykjavíkur er á Tryggvagötu 15, 6. hæð, í sama húsi og Menningarhúsið Grófin – Borgarbókasafn.

LEIKSKÓLAR

Hvað er sýning?

Elsti árgangur

Hvernig ætli sýning sé búin til á ljósmyndasafni? Er ljósmyndasýning ólík öðrum sýningum, t.d. leiksýningum? Æfum myndlestur og spjöllum um það sem fyrir augu ber. Upplagt sem fyrsta heimsókn á safn.

GRUNNSKÓLAR

Hvernig lesum við myndir?

1.–10. bekkur

Umfjöllunarefni heimsóknarinnar fer eftir sýningu hverju sinni með áherslu á myndlestur, túlkun og staðreyndir. Veltum fyrir okkur spurningum eins og: Höfðar myndin til mín? Hvaða tilfinningar kallar hún fram? Hefur myndin heimildargildi? Gefur hún okkur vísbendingar um raunveruleikann?

Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum sem bóka heimsóknir í gegnum safnfraedsla@reykjavik.is

Stefnumót–Norræn ljósmyndun út yfir landamæri: 14.09.2019 – 13.01.2020

Sýningin er útkoma samvinnu fimm sýningarstjóra og jafnmargra ljósmyndara/listamanna frá Norðurlöndunum. Hún snertir á málum sem eru ofarlega á baugi í samfélagslegri umræðu í dag; fólksflutningar, menningartengsl og staðbundnar/hnattrænar breytingar.



Blaðaljósmyndararfélag Íslands – Myndir ársins: 9.05.2020 – 1.06.2020

Árleg sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands með fjölda mynda frá liðnu ári sem valdar eru af óháðri dómnefnd úr innsendum myndum íslenskra blaðaljósmyndara. Myndunum er skipt í flokka sem eru fréttamyndir, daglegt líf, íþróttamyndir, portrettmyndir, umhverfismyndir, tímaritamyndir og myndaraðir.



Skóli hefst á ný. Ungir nemendur á leið í Austurbæjarskóla haustið 1963. ©Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Bragi Guðmundsson.



frístundastarf

Orð og mynd

Léttur leikur sem felst í því að skoða ljósmyndir og tengja orð eða hugtök við þær. Við rýnum í viðfangsefni myndanna og sjáum hvert myndlesturinn leiðir okkur. Einnig er hægt að laga fræðsluna að ungu fólki og fullorðnum.

FRAMHALDSSKÓLAR

Sýningar og starfsemi safnsins Eldri nemendur / fullorðinsfræðsla / sérhópar

Leiðsögn með safnkennara gefur innsýn í þær hugmyndir sem viðkomandi sýning byggir á. Nemendahópar geta ýmist fengið kynningu á starfsemi safnsins og/eða leiðsögn um yfirstandandi sýningar. Hópar í fullorðinsfræðslu eða endurhæfingu geta komið í sérsniðna leiðsögn eftir þörfum hópsins.

HÁSKÓLAR

Við hvetjum kennara og leiðbeinendur til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt og ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsóknna. Hægt er að biðja um sérsniðnar heimsóknir um starfsemi safnsins og fá jafnvel aðstoð frá sérfræðingum þess.

Vissir þú ... að ljósmynd getur bæði verið heimild og listaverk?



Sjóminjasafnið í Reykjavík -hafsjór af fróðleik

Vissir þú ... að í kringum Ísland
eru ein auðugustu fiskimið
í heimi?

Tvær sýningar standa til boða í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Annars vegar grunnsýningin *Fiskur & fólk – Sjósókn í 150 ár* sem fjallar um sögu fiskveiða á Íslandi en fiskinum er fylgt eftir úr hafinu í netið, um borð í bátinn og að landi, í gegnum vinnslu og loks á diskinn. Hins vegar tímabundin sýning, *Melckmeyt 1659 – Fornleifarannsókn neðansjávar*, sem fjallar um hollenskt skip sem sökk við Flatey á Breiðafirði.

LEIKSKÓLAR

Fagur fiskur í sjó 4–6 ára

Lærum um fiska í sjónum, stóra sem smáa. Beitum skapandi nálgun til að skoða sýninguna *Fiskur & fólk* og nýtum margmiðlun og leiki til þess að læra. Í heimsókninni eru börnin hvött til að taka virkan þátt með samtali og spurningum.

GRUNNSKÓLAR

Kafað eftir fornleifum! 5.–10. bekkur

Hollenska skipið *Mjaltastúlkan* sökk fyrir rúmum 350 árum síðan. Á sýningunni *Melckmeyt 1659 – Fornleifarannsókn neðansjávar* skoðum við gripi úr skipinu sem fundust á hafsbotni og kynnumst aðferðum fornleifafræðinnar á virkan hátt með aðstoð sýndarveruleika.

Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum sem bóka heimsóknir í gegnum safnfraedsla@reykjavik.is

Komdu og skoðaðu hafið!**1.–4. bekkur**

Sýningin *Fiskur & fólk* er skoðuð og rætt um lífríki sjávar, mismunandi báta og skip ásamt störfum í fiskvinnslu. Heimsóknin tengist námsefninu *Komdu og skoðaðu hafið* sem er aðlagð sýningunni.

Púsund þorskar á færiband**5.–7. bekkur**

Nemendur setja sig í spor starfsfólks í fiskvinnslu sem áður var staðsett í húsnæði Sjóminjasafnsins. Á sýningunni *Fiskur & fólk* er aflanum fylgt frá miðum í maga og skoðað hvernig hann er unninn. Fræðsluefnið byggir m.a. á *Kynungabók*.

Hvað er svona merkilegt við fiskveiðar?**8.–10. bekkur**

Sýningin *Fiskur & fólk* er skoðuð út frá umhverfisáhrifum. Nemendur vinna í hópum, beita sjálfstæðum vinnubrögðum og rýna í veiðiaðferðir fyrr og nú.

Alvöru varðskip!**Elsti árgangur**

Könnunarleiðangur um varðskipið Óðin. Lærum um muninn á varðskipi og togara, trillu og skútu, skemmtileg og skritin orð sem eru notuð í tengslum við sjómennsku og skip og kynnumst fólkinu sem starfaði um borð.

Þjörgunarskipið Óðinn**1.–4. bekkur**

Rannsóknarferð um króka og kima varðskipsins Óðins sem var eitt helsta þjörgunarskip við Íslandsstrendur á sínum tíma. Förum yfir sögu skipsins, kynnumst ólíkum hlutverkum sem áhöfnin sinni í neyðartilvikum og förum stuttlega yfir sögu þorskastríðanna.

Lífið um borð**5.–7. bekkur**

Förum í varðskipið Óðin og setjum okkur í spor áhafnarinnar. Hver og einn nemandi klæðist búningi og kynnist ólíkum hlutverkum.

Til hvers eru varðskip?**8.–10. bekkur**

Gengið saman um varðskipið Óðin, fjallað um hlutverk þess, sögu og þátttöku Íslands í þorskastríðunum. Fjallað ítarlega um hlutverk Óðins í deilunum sem og almenna sögu skipsins.

Fiskur og fjör

Stuttur og léttur leiðangur um sýninguna *Fiskur & fólk* þar sem leiðbeinendur og krakkar vinna saman í hópum við að leysa þrautir. Í lok heimsóknar er upplagt að skoða hafnarsvæðið í Reykjavík með hjálp smáforritsins *Minjaslóð*.

Varðskipið Óðinn

Könnunarleiðangur um króka og kima varðskipsins Óðins þar sem farið er yfir hlutverk þess og öryggi á sjó. Gengið um þilför skipsins þar sem við skoðum brú, káetur og messa. Athugið að fjöldi takmarkast við hefðbundinn bekk.

**Sýningar og starfsemi safnsins****Eldri nemendur / fullorðinsfræðsla / sérhópar**

Hópum er boðið að nýta sýningar safnsins í verkefnavinnu á eigin vegum eða bóka heimsókn með safnkennara, annars vegar til að fræðast um sýningar Sjóminjasafnsins og hins vegar til að skoða varðskipið Óðin.

Við hvetjum kennara og leiðbeinendur til að nýta sér safnið á margvíslegan hátt og ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns við útfærslu og bókun heimsókna. Hægt er að biðja um sérsniðnar heimsóknir um starfsemi safnsins og fá jafnvel aðstoð frá sérfræðingum þess.

Vissir þú ... að æðsti yfirmaður varðskips kallast skipherra?



Viðey – Saga, náttúra og list

Vissir þú ... að í Viðey er elsta steinhús landsins?

Viðey er ævintýralegur staður til að njóta útiveru í einstöku umhverfi. Þar eru mörg útivistarsvæði, fjörur og listaverk. Viðey er friðlýst svæði og hluti af heimsókninni er að læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og gæta fyllsta öryggis.

Aðstaða fyrir skóla- og frístundahópa

Nestis- og salernisaðstaða er á þremur stöðum í eyjunni:

Hesthúsið er nestisaðstaða sem er staðsett fyrir aftan Viðeyjarstofu. Þar er kolagrill sem gestum er frjálst að nota auk salernis og leiksvæðis skammt frá.

Viðeyjarnaust er aðstaða fyrir stærri hópa ásamt kolagrilli og salernisaðstöðu.



Nánari upplýsingar og bókanir: safnfrædsla@reykjavik.is

Skólahúsið er í austurhluta eyjunnar. Þar er hægt að setjast inn og borða nesti. Þar er kolagrill sem gestum er frjálst að nota auk salernis.

Gott er að hafa nesti í bakpoka því hópar bera sjálfir ábyrgð á að flytja nesti og vistir í eyjuna. Til að nýta grillaðstöðuna, þarf að hafa með allt sem þarf til grillsins, þ.e.a.s. allan mat og meðlæti, kol, olíu, eldfæri, grilltangir, ruslapoka, diska, glös og þess háttar.

LEIKSKÓLAR

Fræðsluspjöld fyrir leikskóla 4–6 ára

Við komuna í Viðey er hægt að fá lánuð fræðsluspjöld til innblásturs og stuðnings við heimsóknina til eyjarinnar. Á spjöldunum eru upplýsingar og spurningar sem leiða hópinn áfram í könnun sinni á umhverfinu. Kennarar geta valið að nota eitt eða fleiri spjöld, eftir því sem hentar best.

Spjöldin er að finna í merktum póstkassa við vegamót þegar gengið hefur verið framhjá Viðeyjarkirkju.



GRUNNSKÓLAR

Fræðsluspjöld fyrir miðstig grunnskóla 5.–7. bekkur

Við komuna í Viðey er hægt að nálgast fræðsluspjöld fyrir miðstig. Á spjöldunum eru upplýsingar um Viðey og tillögur að stöðum til að skoða í heimsókn með skólahóp. Umfjöllunarefni spjaldanna eru þrjú: saga, náttúra og list í Viðey. Kennarar geta svo valið að nota eitt eða fleiri spjöld, eftir því sem hentar best.

Spjöldin er að finna í merktum kassa við vegamótin þegar gengið hefur verið framhjá Viðeyjarkirkju.

Hópar á öðrum skólastigum rannsaka og upplifa ævintýraeyjuna á eigin vegum.

FRISTUNDASTARF

Viðey er frábær staður til að njóta útiveru í einstöku umhverfi. Þar er upplagt að fara í eflandi hópleiki og rannsóknarleiðangra. Við mælum með dagsferð með nesti og skapandi dagskrá t.d. með notkun myndavéla til að skrásetja það sem fyrir augu ber.

FRAMHALDSSKÓLAR

Tillögur fyrir framhaldsskóla og háskóla

Viðey er vettvangur margbreytilegra námstækifæra í nærumhverfi Reykjavíkur. Framhaldsskóla- og háskólanemum er ýmist boðið að nýta sér vettvangsferð í Viðey í eigin verkefnavinnu eða bóka leiðsögn með safnkennara og/eða starfsmanni Viðeyjar. Við hvetjum kennara á til að ráðfæra sig við fræðsluteymi Borgarsögusafns með góðum fyrirvara við útfærslu og bókun heimsókna í eyjuna.

HÁSKÓLAR

Nauðsynlegt er að klæða sig eftir veðri og hafa í huga að hvassara getur verið í eyjunni en á landi. Best er að gera ráð fyrir að dvelja þar nokkrar klukkustundir.

Við mælum með því að kennarar ráðfæri sig með góðum fyrirvara við fræðsluteymi Borgarsögusafns til að útfæra heimsóknir í Viðey að vori eða hausti.

Nánari upplýsingar og ítarefni um Viðey má finna á www.borgarsogusafn.is, undir Viðey.

Viðeyjarferjan siglir út í eyju alla virka daga frá 15. maí til 15. september. Skólahópar greiða í ferjuna skv. gjaldskrá Eldingar. Ekkert gjald er tekið fyrir 6 ára og yngri. Bóka þarf ferjuferð í gegnum Eldingu: gulli@elding.is.

Vissir þú ... að einu sinni var lítið þorp í Viðey með húsum, búð og skóla?



Fræðslustefna Borgarsögusafns

Nám á safni er margbreytilegt og það á jafnt við formlegt nám og þekkingarleit einstaklinga og hópa. Nám krefst virkni og mótast að miklu leyti af fyrri reynslu gestsins, menningu hans og umhverfi. Safnfræðsla snýst um að virkja gesti til að afla sér þekkingar í samtali við frjóan vettvang safneignar, sýninga og annarrar miðlunar. Fræðslustarf Borgarsögusafns miðar að því að auka vægi þátttöku og sköpunar í starfi sínu.

Við mælum eindregið með því að safnheimsóknir séu nýttar sem hluti af námi allt árið um kring. Þannig skapast margbreytileg tækifæri til að læra á virkan og skapandi hátt. **Safnfræðsla fyrir skóla- og frístundahópa á öllum aldri er án endurgjalds.** Borgarsögusafn býður ókeypis rútuferðir fyrir leik- og grunnskóla Reykjavíkur í tiltekna heimsóknir. Sjá nánari útlistun í bæklingnum.

Ekki hika við að hafa samband!

Best er að senda fyrirspurnir og bókanir á netfangið: safnfraedsla@reykjavik.is eða hafa samband í síma **411 6300**.

Við mælum eindregið með bókunarvefnum: www.upspretta.reykjavik.is

Tekið er á móti hópum alla virka daga frá 9:00 – 16:00 eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar um fræðsluframboð Borgarsögusafns er að finna á heimasíðu safnsins: www.borgarsogusafn.is, undir Safnfræðslu.

Endilega fylgist með á samfélagsmiðlum: www.facebook.com/safnfraedsla/

Fræðsluteymi Borgarsögusafns Reykjavíkur:

AlmaDís Kristinsdóttir
Alma Sigrún Sigurgeirsdóttir
Hlín Gyldadóttir
Jóhanna Guðrún Árnadóttir
Jón Páll Björnsson

1 safn 5 staðir 4 skólastig

Árbæjarsafn, Kistuhyl 4
Landnámssýningin, Aðalstræti 16
Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 6. hæð
Sjómínjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8
Viðey, Skarfabakka (siglt á virkum dögum frá maí til september)

Ljósmynd á forsiðu:

Ung flóttakona frá Rúanda sem hefur sest að í Evrópu. Myndin er hluti af sýningunni *Stefnumót–Norraen ljósmyndun út yfir landamæri* í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Titill: Ég kallaði í áttina að fjöllumum, ég heyrði þau tromma, 2014-2015.
©Miira Autio